

Jólafundur Iðunnar

Sú venja hefur myndast að þeir félagar Iðunnar sem eru rithöfundar, eða hafa staðið að útgáfu prentverka, hafa fengið að kynna sín verk á fundum félagsins. Á næsta fundi, þann 7. desember, munu tíu útgáfuverk verða kynnt. Það er óvenju mikið og má búast við að stór hluti fundarins fari í bókakynningar, sem oftast en ekki hafa reynst hið besta skemmtiefni. Að sjálfsögðu munum við samt ekki gleyma að kveða rimur á fundinum og hljóðfæraleikarar munu líka koma og spila jólalög.

Að lokum ein gömul jólavísa frá formanninum:

Lausnarinn var lagður í
lága jötu.
Íslendingar útaf því
eta skötu.

Iðunnarfundir til vors 2008

Fundir og æfingar félagsins fyrri hluta árs 2008, verða sem hér segir:

2. janúar 2008	Miðvikudagur	Kvæðalagaæfing.
4. janúar 2008	Föstudagur	Fundur, rímnalaganefnd sér um dagskrá.
6. febrúar 2008	Miðvikudagur	Kvæðalagaæfing.
8. febrúar 2008	Föstudagur	Fundur, vísnanefnd sér um dagskrá.
5. mars 2008	Miðvikudagur	Kvæðalagaæfing.
7. mars 2008	Föstudagur	Aðalfundur.
2. apríl 2008	Miðvikudagur	Kvæðalagaæfing.
4. apríl 2008	Föstudagur	Fundur – stjórnin sér um dagskrá.
7. maí 2008	Miðvikudagur	Kvæðalagaæfing.
9. maí 2008	Föstudagur	Vorfundur.
15. júní 2008	Sunnudagur	Heiðmerkurfundur.

Fundir og kvæðalagaæfingar Iðunnar munu sem fyrr fara fram í Gerðubergi og hefjast stundvíslega klukkan 20:00. Fundunum lýkur venjulega þremur stundum síðar. Fundir Iðunnar eru öllum opnar og eru félagar hvattir til að bjóða með sér gestum.

Pósturinn Páll

Undanfarin ár hefur þeim fjölgað sem kjósa að fá Fréttablað Iðunnar sent á tölvupóstfang sitt. Þannig geta þeir sem það velja prentað blaðið sjálfir eða sleppt allri prentun og einfaldlega lesið beint af tölvunni. Verulegur sparnaður fæst með þessu móti fyrir félagið, því talsverð fyrirhöfn og kostnaður fylgir gamla laginu við póstsendingar. Af þessum ástæðum eru félagar hvattir til að nota þennan valkost og senda upplýsingar um tölvupóstfang sín til Benedikts Jónssonar, bjons@strik.is, og hann mun skrasetja.



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

105. tölublað — 28. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2007

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

Ljós í myrkri

Nú er myrkasti tími ársins og skuggarnir eiga eftir að lengjast enn fram að vetrarsólvörfum. Svo lengist hver dagur um eitt hænuft samkvæmt þjóðtrúnni uns lengstum degi er náð við sumarsólstöður. Þannig er hringur ljóss og skugga ár eftir ár.

Mörgum reynist skammdegið erfitt og sumum verður það ofraun. Áhrif myrkursins á mannsálina hefur lengi verið vísindamönnum athugunarefni án þess að hún hafi endanlega verið leyst undan þeim áhrifum. Hér á norðurhvara eru þessi áhrif stærri og meiri en í suðlægari löndum, enda skuggarnir lengri og minna um sól.

Hvert sem upphaf jóla kann að vera, getur það varla verið tilviljun að þau eru haldin einmitt þegar svartasta skammdeginu er náð – þegar við höfum þraukað fram yfir hinn myrkasta dag og framundan er vaxandi birta. Frá alda öðli hafa þau lýst upp skammdegið með ýmsu móti. Ljosið er órjúfanlega tengt jólum og þannig hefur það ætíð verið. Þrátt fyrir að jól nútímans séu svo rækilega umvafin glysi og glaumi að sumum þyki nóg um, færa þau óneitanlega birtu inn í líf okkar allra. Við þurfum á þessari birtu að halda; hún er okkur nauðsynleg til að þreyja þorrann og góuna fram til vors.

Við teflum saman andstæðum. Með jölunum færum við birtu inn í svartasta skammdegið. Þau eru okkur mikilvægt vopn í baráttunni við myrkrið; baráttu við að halda sönsnum og halda þeim haus sem við þurfum að setja undir okkur í hretviðrum lífsins á leiðinni heim í ljósið. Jólin draga líka saman fólk og maður er manns gaman. Hver og einn lýsir þannig upp tilveru náungans um stundarsakir. Með allri þessari birtu, innri sem ytri, bægjum við myrkrunu frá okkur um hríð um leið og við réttum úr bakinu og tökum okkur kærkomna hvíld frá dagsins önn.

Við höfum því ærnar ástæður til að fagna jölunum. Þau færa okkur birtu og fögnuð og „eitt er víst að alltaf verður ákaflega gaman þá,“ eins og Jóí sagði svo fallega hér um árið.

Ég óska Iðunnarfélögum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Benedikt Jónsson

Kvæðamál

Jón Ingvar Jónsson hefur snarað boðorðunum tíu í bundið mál og nú hafa menn enga afsökun fyrir að kunna þau ekki og hlíta þeim í hvívetna.

1. Jafnvel þó að þú sért oft í þrusu stuði,
ekki hafa aðra guði.
2. Aldrei máttu, utan jafnt sem innan veggja,
Herrans nafn við hégóm leggja.
3. Hvíldardaginn, dilla þér þó dátt þú vildir,
heilagan samt halda skyldir.
4. Foreldrarnir bjóða og banna, blessuð grjónin,
ætið skaltu heiðra hjónin.
5. Þótt um afbrot ýmsir vilji aðra saka,
annars líf má aldrei taka.
6. Vertu ætið vænn og góður við þinn maka,
fráleitt máttu framhjá taka.
7. Ýmist glingur eignast fólk, það er á hreinu,
ekki hnupla af því neinu.
8. Ekki rægja eða skrökva upp á grannann
og líka heldur engan annann.
9. Ekki girnast grannans hús né glæsivillu
þó að kosti meir en millu.
10. Ekki girnast ambátt grannans eða þræla,
í frú hans áttu ekki að þæla.

Um aðrar grannans eignir skaltu ekki hugsa.
Það gildir jafnt um asna og uxa.

Á Litla hagyrðingamótinu 5. október 2007 var meðal annars ort um það sem er rétt og svo bleytu.

Að vita nóg um rangt og rétt
mér reynist heldur strangt.
Þó tel ég víst að rétt sé rétt
og rétt sé varla rangt.

Sigrún Haraldsdóttir

*Á októberfundi var boðað að
næsti fundur myndi sameinast
gleðskap borgarstarfsmanna. Þetta
brást þegar ákveðið var að flytja
gleðskapinn út á Granda. Var því
ákveðið að yrkisefni fundarins yrði
brennivinsleysi.*

Þeirra loforð þráfallt dvína,
þetta er ekkert fjandans grín.
Það er djöfuls þraut og pína
þegar vantar brennivín.

Gunnar Thorsteinsson

Þraut er að sitja þurran fund
því ber ekki að neita.
Ef ég hitti á óskastund
yrði hérna bleyta.

Ragnar Böðvarsson

Bjargey er gagnrýnin á sjálfa sig...

Fáviska mér féll í skaut
fyrsti hemill dáða,
marga létta myndi þraut
mætti vitið ráða.

... og hefur gaman af rímum.

Rímur kveða raddirnar,
rjala þýtt við eyra.
Þar eru listir þjóðlegar
þetta vil ég heyra.

Alveg milljón

Vegna áforma stjórnar Iðunnar um framhald útgáfu á rímnalagasafni félagsins, var sótt um fjárstyrk til Þjóðhátíðarsjóðs. Umsókn Iðunnar var vel tekið þar og einnar milljón króna styrkur var veittur félaginu við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu þann 1. desember síðastliðinn. Fjögur önnur félög og stofnanir fengu jafnháa styrki við þetta tækifæri en aðrir minna. Þessu ber að fagna vel, því grundvöllurinn fyrir starfsemi útgáfusjóðsins hefur þarna eflst mjög og gera má ráð fyrir því að fyrr gangi að ljúka við útgáfu lagboðanna en ætlað var.

Formaður stjórnar Þjóðhátíðarsjóðs er Margrét Bóasdóttir, söngkona. Aðrir stjórnarmenn eru: Eiríkur Guðnason, seðlabankastjóri, Jónína Michaelsdóttir, rithöfundur, Margrét K. Sverrisdóttir, borgarfulltrúi og Björn Teitsson, magister. Ritari sjóðsstjórnar er Sigfús Gauti Þórðarson, lögfræðingur.